



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð Íþróttá og æskulýðsnefnd. 1. fundur.

Fundur haldinn í Íþróttamiðstöð 23. maí. kl 17:00

Mættir: Kristján Stefánsson, Hinrik Geir Jónsson og Árný Hulda Sæmundsdóttir.
Einnig sat Jóhannes Steingrímsson fundinn. Kristján ritaði fundargerð.

1. Staðan í dag.

Jónannes fór yfir stöðuna eins og hún er nú þ.e. starfsmannamál og ástand tækja og bygginga. Enn vantar einn starfsmann fyrir sumarið en reynt verður að hafa sama opnunartíma og var á síðasta sumri.

Settur verður nýr dúkur í annan heitapottinn í næstu viku og stefnt er að því að taka hinn næsta vor. Ekkert stórt viðhaldsmál er fyrirsjáanlegt á næstunni en brýnt að ganga frá utanhúss bæði umhverfis húsin og bílastæði og aðkomuleið.

2. Sparkvöllur.

Íþróttá og æskulýðsnefnd skorar á sveitarstjórn að hraða vinnu við gerð sparkvallar og telur hentugt að staðsetja hann vestan skólalóðar og láta hann snúa eins og önnur mannvirki á svæðinu.

3. Önnur mál.

Íþróttá og æskulýðsnefnd leggur áherslu á að haldið verði áfram viðhaldi og frágangi umverfis grasvöllinn. Einnig að endursáð verði í völlinn sjálfan og völlurinn og umhverfi hans verði slegið reglulega.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Kristján Stefánsson
Hinrik Geir Jónsson
Árný Hulda Sæmundsdóttir